

Guðmundur Einarsson, Gúndi, fæddist í Reykjavík 21. ágúst 1925. Hann lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi 6. febrúar 2019.

Foreldrar hans voru Einar Guðmundsson, f. 2. október 1898, d. 7. mars 1946, og Þóra Valgerður Jónsdóttir, f. 24. apríl 1898, d. 29. nóvember 1988. Systkini Gúnda voru Guðfinna Einarsdóttir f. 1921 d. 2014, Jón Þórir f. 1927 d. 2007 og Valgerður f. 1930.

Gúndi kvæntist 4. október 1947 Helgu Nikulásdóttur, f. 16. apríl 1929, d. 31. júlí 1998. Börn þeirra eru:

1) Esther Helga, f. 4. júlí 1947. Eiginmaður hennar var Arnar Hjörþórsson, f. 1948, d. 1969. Dætur þeirra eru Lilja Björk og Helga Ólöf. Eiginmaður Estherar var John Moss, f. 1945, d. 2014. Dætur þeirra eru María Lynn og Leola Ana. Þau skildu. Eiginmaður Estherar var John Wanros, f. 1959. Þau skildu. Barnabörnin eru tólf og barnabarnabörnin eru þrjú.

2) María, f. 7. janúar 1949. Eiginmaður hennar er Páll Ragnarsson f. 1947. Börn þeirra eru Elísabet Fides og Guðmundur Ragnar. Barnabörnin eru sjö og eitt barnabarnabarn.

3) Einar, f. 6. ágúst 1954. Eiginkona hans er Stefanía Sörheller, f. 1955. Börn þeirra eru Guðmundur Karl, Martha María og Pétur Helgi. Barnabörnin eru þrjú.

4) Sigurður, f. 23. mars 1964. Barnsmóðir hans er Kristín Ösp Kristjánsdóttir f. 1966. Sonur þeirra er Kristján Örn. Eiginkona Sigurðar var Helena Groiss, f. 1970. Sonur þeirra er Halldór Örn. Þau skildu. Eiginkona Sigurðar var Kristín Ósk Óskars f. 1974. Börn þeirra eru Guðfinnur Nikulás, Maríus Helgi, Helga Guðrún og Nanna Kristín. Þau skildu. Eiginkona Sigurðar er Sigrún Jóna Sigmarsdóttir f. 1966. Börn hennar eru Sigmar Þór, Hannes Már, Fanndís Fjóra og Bjarki Steinn. Saman eiga þau þrjú barnabörn.

Gúndi og Helga bjuggu flest sín hjúskaparár á Álfhólsvegi 55 í Kópavogi eða á árunum 1955 til 1989. Þau hófu búskap á æskuheimili Gúnda á Brávallagötu í Reykjavík þar sem þau bjuggu einnig síðustu árin áður en Helga féll frá.

Seinni eiginkona Gúnda var Hrafnhildur Björnsdóttir, f. 1. nóvember 1940, d. 7. júní 2016. Þau giftu sig 29. júlí 2000 og bjuggu þá í Hjaltabakka í Reykjavík en síðustu ár í Hveragerði.

Gúndi starfaði hjá Olíuverslun Íslands (BP) 1943-1965. Hann ók olíubíl og sá um að setja eldsneyti á flugvélar Loftleiða á Reykjavíkurflugvelli og Keflavíkurflugvelli. Hann öðlaðist meistaraáráttindi í bílamálun og setti á fót eigið bílamálunarverkstæði. Hann rak það lengst af við heimili þeirra Helgu að Álfhólsvegi 55 í Kópavogi, en auk þess tímabundið við Smiðjuveg í Kópavogi. Eft-

**ir að hann hætti starfsemi verkstæðisins hóf hann störf í tjóna-
skoðunarstöð Sjóvá þar sem hann starfaði til 70 ára aldurs. Þá
tók hann að sér húsvörslu hjá Karalakór Reykjavíkur og fleira til-
fallandi.**

**Gúndi söng með Karalakór Reykjavíkur í áratugi og fór í fjölda
ferða með kórnum. Einnig söng hann með Hverafuglum og
Karlakór Hveragerðis og var auk þess virkur í starfi Sjálfstæðis-
flokksins í Hveragerði.**

**Útför Guðmundar fer fram frá Bústaðakirkju í dag, 18. febrúar
2019, klukkan 13.**

Í dag kveðjum við elskulegan tengdaföður minn, hann Gúnda. Hann tók á móti mér með opinn faðminn og hlýlegu brosi sem náði til augnanna, síðan eru liðin 44 ár. Okkur samdi alltaf vel, hann naut þess að segja sögur og mér fannst gaman að hlusta á hann segja frá því sem oft var fróðlegt og í senn skemmtilegar upplifanir sem hann hafði orðið fyrir og vildi miðla. Margar þeirra heyrði ég oft og gjarnan voru smáatriðum gerð góð skil svo nú sitja þær sem minning í mínum huga. Ég reyndi oft að fá hann til að tala um æsku sína, þá gjarnan sagði hann mér frá dvöl sinni á Vífilsstaðahæli, sem hann dvaldi á í fjögur ár sem barn vegna meins í lungum. Ekki talaði hann um þá dvöl af biturleika eða sorg, heldur fullur þakklætis fyrir hvað allir hefðu verið góðir við hann. Honum hafi liðið vel þar og tíðrætt varð honum um hve mamma hans lagði mikið á sig að koma á hverjum sunnudegi með strætó til að heimsækja hann og þurfti að labba frá Hafnarfjarðarvegi og aftur til baka. Ljúfar minningar á ég eftir öll þessi ár á heimili tengdforeldra minna, á jolum og hátíðum, í kaffi mat og spjalli. Gúndi vann óhemjulangan vinnudag við bílasprautun og er hann eini maðurinn sem ég hef séð sofna standandi í miðju samtali. Hann kunni þó að njóta lífsins, dreif sig úr vinnugallanum til að fara á æfingar í Karalakórnum á kvöldin, hann elskaði söng. Tengdforeldrar mínir voru dugleg að ferðast bæði með kórnum erlendis, en einnig hér innanlands í útilegum. Þau fundu sér sælureit í Þjórsárdal þar sem fjölskyldan fékk að njóta dvalar og samveru með þeim. Það var honum þungbært þegar Helga tengdamóðir mín féll frá aðeins 69 ára að aldri. Þau tvö höfðu verið órjúfanleg heild og alltaf talað um Helgu og Gúnda í sömu setningu. Gúndi fann ástina aftur þegar hann hitti Hrafnhildi sem hann giftist síðar. Þau áttu mörg góð ár saman, voru góðir vinir, tóku virkan þátt í félagsstarfi og ferðuðust mikið. Aftur var þungt högg fyrir Gúnda þegar hún féll frá fyrir tæpum þremur árum. Báðar eiginkonur sínar talaði hann um af ást og virðingu. Báðar tóku þær af honum loforð um að lifa lífinu lifandi að þeim látnum. Hann gerði það svo sannarlega, hann skar út, málaði myndir, söng í kórum, lærði á nýtt hljóðfæri og tók þátt í ýmsu sem honum bauðst. Hann var virkur og athafnasamur fram á seinasta dag. Hann flutti á dvalarheimilið Ás eftir að Hrafnhildur dó. Þá dvöl talaði hann fallega um, þakkátur fyrir allt það góða fólk sem þar vann, hrósaði mat og öllum aðbúnaði. Hann var hjá okkur fjölskyldunni um nýliðin jól. Á jóla-

morgun sagði hann mér frá draumi sem hann hafði dreymt. Hann var á ferðalagi að leita að fallegri grænni laut sem hann ætlaði hvíla sig í. Ég túlkaði þennan draum með sjálfri mér en minnti hann á hann þegar ég kvaddi hann hinsta sinn að nú væri hann kannski að fara í lautina sína sem hann hafði verið að leita að og nú fundið. Við kvöddumst með faðmlagi sem var ögn veikburða en hlýjan í augunum var sú sama og þegar ég hitti hann fyrst. Guð blessi þig, kæri tengdapabbi, og takk fyrir allt.

Stefanía Sörheller.

Elsku afi.

Nú ert þú farinn frá okkur og við systkinin yljum okkur við ljúfar minningar sem við eigum um þig allt frá því við vorum pínulítill. Við minnumst þess að hafa fengið að gista hjá þér og ömmu á Brávallagötunni, hlusta á þig syngja með Karalakór Reykjavíkur, heyra sögur frá því þegar þú flaugst í ævintýraferðir að bjarga flugvél ofan af jökli og margt fleira. Einar af okkar bestu minningum eru án efa úr hjólhýsinu í Þjórsárdalnum þar sem þið amma nutuð lífsins til hins ýtrasta. Hún að þrjóna eða leggja kapal og þú alltaf að smíða eitthvað, dytta að og lagfæra. Við nutum samverunnar með ykkur á þessum dásamlega stað og hugsum með hlýju til þessara stunda.

Þegar við hugsum til baka um þig, Gúndi afi, er léttleikinn þinn og endalausir brandarar það sem fyrst kemur upp í hugann. „Er þetta Guðmundur Karl? Þetta er Guðmundur kall hérna“ – svona byrjuðu ófá samtölin.

„Passaðu þig á stelpunum, nei ég meina bílunum!“

Það er draumur að fá að eldast eins og þú en fram á síðasta dag varstu glettinn og skemmtilegur. Lífsgleðin skein í gegn og fólkið þitt naut sannarlega samveru þinnar. Það var gott að vera í kringum þig – þú hafðir svo hlýja nærveru. Þú varst svo tónelskur, spilaðir á píanó og bassa og söngst svo fallega. Þegar við áttum afmæli hringdirðu í okkur og spilaðir afmælissönginn á píanó. Listaverkin sem þú skarst út og myndirnar sem þú málaðir – allt ber það vitni um þennan lífsglaða afa okkar sem við munum alltaf elska.

Takk fyrir allt, elsku afi, og Guð blessi þig.

Guðmundur Karl, Martha María og Pétur Helgi.

Þegar árin líða eigum við það öll sameiginlegt að líta yfir farinn veg. Margs er að minnast og það sem skiptir mestu máli er eflaust þær góðu samverustundir sem við höfum átt með vinum, fjölskyldu og samferðafólki okkar í gegnum lífið.

Móðurbróðir okkar Guðmundur Einarsson er látinn, 93 ára að aldri. Móðir okkar, systir Guðmundar, er nú ein eftirlifandi af fjórum systkinum. Við vorum í mestu sambandi við frænda okkar á hans efri árum og upp í hugann streyma ljúfar minningar. Guðmundur eða Gúndi eins og hann var alltaf kallaður var í miklu uppáhaldi hjá okkur. Hann frændi okkar var einstakt ljúfmenni, skemmtilegur og kunni svo sannarlega að njóta lífsins með sínum léttleika og húmor eins og honum einum var lagið. Gúndi sagði skemmtilegar sögur og kunni óteljandi brandara. Símtölin frá honum

byrjuðu yfirleitt á fuglasöng eða einhverjum skrítnum karakterum þar sem hann breytti röddinni til að grínast smávegis og héldum við oftast að um rangt númer væri að ræða. Gúndi var góð fyrirmynd, mikil félagsvera og hafði alltaf í nógu að snúast, brosmildur, síungur og hress. Hann var hæfileikaríkur, söng í kórum, spilaði á píanó, lærði á bassa, málaði myndir, tálgaði og smíðaði.

Gúndi þekkti líka sorgina, hann var tvíkvæntur og missti báðar sínar eigin-konur úr veikindum. Þrátt fyrir missinn og undanfarið sín eigin veikindi hélt Gúndi áfram sínu striki. Hann var þannig manngerð, með sitt einstaka jákvæða hugarfar og góða skap. Við minnumst frænda okkar með hlýhug og söknuði, hann var mikill gleðigjafi og það var mannbætandi að umgangast hann.

Fjölskyldu Gúnda sendum við okkar dýpstu samúðarkveðjur.

Þú leiðir oss, Drottinn, að lindunum hreinu.

Þú ljósið þitt kveikir við himnanna stól.

Um tíma þó syrti þá brátt aftur birtir,

þú breiðir út þinn faðm og veitir oss skjól.

(Óskar Ingimarsson)

Kæri frændi, megi englar Guðs vaka yfir þér.

*Ingibjörg Þóra,
Bára og Einar.*

Það er stundum haft á orði að enginn viti sína ævina fyrr en öll er og það eru víst orð að sönnu. Okkur auðnast mislangir og misgóðir ævidagar einsog gengur. Guðmundur Einarsson, eða Gúndi eins og flestir vinir hans kölluðu hann, var ekkert öðruvísi en við hin að þessu leyti en hann hafði þá náðargáfu að geta gert gott úr hlutunum og haldið lífsgleðinni í gegnum þykkt og þunnt. Þetta fundum við hin sem þekktum hann og það fór ekki hjá því að við smituðumst af þessu.

Þrátt fyrir háan aldur var Gúndi virkur í allskyns félagslífi og ekki síður í handverki ýmiskonar. Eitt af því marga sem Gúndi gerði var að hann skar út mjög fallega mynd af merki Sjálfstæðisflokksins, fálkanum, sem prýðir ræðupúlt Sjálfstæðisfélags Hveragerðis. Hann var fastagestur á opnum húsum hjá okkur á laugardagsmorgnum mörg undanfarin ár og var þar hvers manns hugljúfi einsog annarsstaðar þar sem hann kom. Hann söng með kór eldri borgara í Hveragerði, Hverafuglunum, og síðar einnig með Karlakór Hveragerðis. Á árum áður og lengi vel eftir að hann flutti til Hveragerðis söng Gúndi líka með Karlakór Reykjavíkur og það eru ekki mörg ár síðan hann hætti því.

Fyrir fáeinum árum byrjaði Gúndi síðan að læra á bassagítar hjá vini sínum í Hveragerði og spilaði með honum og fleirum við ýmis tækifæri. Hann var líka virkur félagi í Félagi eldri borgara í Hveragerði og átti þar fjölmargar

góðar stundir. Það segir sitt um lundarfarið að Gúndi fór reglulega í heim-sóknir á Hjúkrunarheimilið Ás og spilaði þar og las fyrir heimilisfólk þrátt fyrir að hann væri sjálfsagt eldri en flestir sem þar voru.

Það var alltaf notalegt að koma til Gúnda og gleðin og jákvæðnin ávallt í fyr-irrómi. Hann hafði ávallt eitthvað fyrir stafni, var að tálga út skilti og aðra fallega muni eða mála myndir o.fl. Við höfum það líka fyrir satt að hann hafi lagfært bíl fyrir vinkonu sína orðinn 93ja ára. Það eru ekki margir dagar síðan ég kom til Gúnda í Bláskógana þar sem hann sat við að mála mynd þrátt fyrir að heilsan væri aðeins farin að bila. Hann tók vel á móti mér eins og alltaf og reis upp og tók nokkur dansspor fyrir mig af einskærri gleði.

Okkur í Sjálfstæðisfélaginu er efst í huga á þessum tímamótum þakklæti fyrir að hafa fengið að verða samferða Gúnda um árabíl og fengið að smitast af lífsgleði hans og jákvæðni. Við sendum fjölskyldu hans samúðarkveðjur og þökkum þeim fyrir að hafa deilt þessum góða manni með okkur.

Fyrir hönd félaga í Sjálfstæðisfélagi Hveragerðis,

Eyþór H. Ólafsson